

Sþ.

965. Nefndarálit

um till. til þál. um fjárskipti á svæðinu milli Skjálfandafljóts og varnargirðinga í Eyjafirði.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þáltill. var rædd á einum fundi, og gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (BK, SkG, PO, HelgJ og ÞB) vildi mæla með tillöggunni og gefur því út meirihlutaálit. GÍG, SK og StgrA tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Minni hl. (GJ) vildi ekki mæla með till. óbreyttri af eftirfarandi ástæðum:

Samkvæmt samtali við fjármálaráðh. upplýstist, að hann óskaði að fá fram álit Alþingis um það, hvort rétt væri að halda áfram niðurskurði almennt í landinu til þess á þann hátt að útrýma mæðiveikinni, ef unnt væri, en þáltill. sú, sem hér um ræðir, segir ekkert um það, þótt samþykkt verði. Þá er og ljóst, að ekki er þörf á þessu þingi að samþykkja með þál. útgjöld á árunum 1947—49, og þykir minni hl. réttara, að það sé gert á fjárlögum. Hann leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði fé til fjárskipta á landinu eftir því, sem sauðfjársjúkdómanefnd leggur til á hverjum tíma, og með þeim skilyrðum, er hún kann að setja, enda fari fjárskiptin fram samkvæmt fyrirmælum laga þar um á hverjum tíma.

2. Fyrirsögn þáltill. verði:

Tillaga til þingsályktunar um fjárskipti.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gisli Jónsson,
form.